

eldri jarðabótum, að presturinn eða bú hans, ef hann flytur frá braudinu eða deyr áður en lánið er að fullu endurgoldið, borgi það af hinu óendurgoldna láni, sem reynast kann, 10. júlí 87
eptir reglulegri sköðunargjörð samkvæmt framansögðu, að vera óeytt, og að presturinn, ofannefndur sjera Arnór Þorláksson, afhendi stiptsyfirvöldunum til frekari tryggingar fyrir skilvísri endurborgun hins umrædda láns með vöxtum, lífsábyrgðarskírteini frá lífsábyrgðar og framfærslustofnuninni frá 1871, að upphæð 2000 kr., er stiptyfirvöldin svo annist um að haldið verði við með því að greiða iðgjaldið fyrir ábyrgðina í tæka tíð af tillagi því, sem Hestþingaprestakall nýtur úr landssjóði.

Þetta er hjer með þjónustusamlega tjáð stiptsyfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um sýsluvegagjald og 88
hvernig því mægi verja. — Eptir að mjer hefur borizt þar að lútandi beiðni frá þingmönnum Húnavetninga ásamt skýrslu yðar um ástand og hag sýsluvegasjóðsins í Húnavatnssýslu, vil jeg hjer með eptir kringumstæðunum samþykkja, að afborgun og vextir af láni því, sem sýslan fjekk 1881 úr viðlagasjóði mestmegnis í þeim tilgangi að endurbæta veginn yfir Miðfjarðarháls og Hrutafjarðarháls, verði, þangað til lánið er fullgreitt, dregin frá þeim helmingi sýsluvegagjaldsins, sem samkvæmt brjefi mínu 8. maí f. á. á að ganga til aðalþóstvega. 15. júlí

Þetta tilkynnist yður hjer með, herra sýslumaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lán handa prestakalli til húsa- 89
byggingar. — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður og herra biskup, í þóknanlegu brjefi dags. 1. þ. m. og eptir beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, er hlutadeigandi prófastur hefur lagt meðmæli sín með, vil jeg hjer með veita leyfi til þess, að tjeður prestur taki lán handa nefndu prestakalli gegn veði í tekjum þess, að upphæð 970 krónur, til þess að bæta hýbýli á prestssetrinu og fullgjöra vandaða timburbadstofu, er sje byggð samkvæmt lýsingu þeirri, sem gefin er í skýrslu þriggja matsmanna, er brjefi yðar fylgdi; þó er lántökuleyfið bundið þessum skilyrðum:

1. að lánið sje að fullu endurborgað í síðasta lagi á 16 árum. með $\frac{1}{16}$ á ári auk vaxta;
2. að húsabótin sje gjör sama árið og presturinn fær lánið;
3. að húsið verði traust og vandað, með járnþaki, en á göflum varið þýzkum þakdúki;
4. að presturinn váttryggi húsið gegn eldsvoða með hæfilegri upphæð, og haldi því sífellt í slíkri tryggingu undir eptirliti prófasts;
5. að húsið verði eign prestakallsins og að presturinn haldi því vel við og að hann eða bú hans skili því á sínum tíma í gildu standi eða með fullu álagi.
6. að eigi verði meira en helmingur lánsins tekinn út áður en byggingunni er lokið, en hinn helmingurinn þá fyrst, er húsabótin er algjörð, og sannað er með lögmatrí